

Mál nr. 509/2012
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar A og
Vátryggingafélagið V-2 v. fasteignatryggingar húsfélagsins H

Vatnstjón þegar vatni var hleypt niður af niðurfalli á svölum þ. 30.7.2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.11.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V-1 dags. 11.12.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-2.
3. Bréf V-2 dags. 10.12.2012

Málsatvik.

Tjón varð á íbúð M þegar vatn flæddi inn í hana þ. 23.7.2012 og telur M að það hafi verið þegar A var að koma fyrir dúk á svalir 5. hæðar Hjallalundar 20 á Akureyri. M segir að A hafi hleypt vatni niður frárennslið af svölunum sem hafi ollið tjóninu. Áður mun hafa stíflast á sama stað og í umrætt sinn. M krefst bóta og segir að teikningar af húsinu hafi ekki verið skoðaðar og ekki haft samráð við húsvörð eða íbúa hússins þegar A framkvæmdi verkið. M telur sig eiga rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A og einnig fasteignatryggingu H. V-1 hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A og vísar til þess að málið sé illa upplýst og bendir á að áður hafi flætt inn í íbúð M og eftir það skipt um ákveðnar lagnir í húsinu. Þá bendir V á að ekkert mat liggi fyrir á því af hvaða ástæðum þetta atvik gerðist eða af hverju A eigi að bera ábyrgð á þessu tjóni. Þá bendir V á að óupplýst sé hvernig ástand lagnanna hafi verið. V-2 hafnar bótaábyrgð úr fasteignatryggingu H hjá félaginu og segir að ekki þyki sýnt að atvikið eigi undir bótasvið tryggingarinnar og bendir á að umrædd vátrygging bæti ekki skemmdir af völdum vatns sem þrýstist úr skolp- eða frárennislögnum eða af völdum þess að lagnir geta ekki flutt allt það vatn er að berst.

Álit.

Mál þetta er afar illa upplýst og ekki liggur fyrir að A hafi vanrækt starfsskyldur sínar við framkvæmd verksins sem hann vann á 5 hæð hússins þannig að leiði til bótaskyldu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V-1 miðað við fyrir liggjandi gögn. Fyrir liggur sbr. það sem segir í lok málsatvikalýsingar að miðað við lýsingu M á tjónsatburðinum þá er vatnstjónið ekki bótaskyldt úr fasteignatryggingu H miðað við fyrirbyggjandi gögn og skýringar. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V-1 og heldur ekki úr fasteignatryggingu H hjá V-2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu A hjá V-1 og heldur ekki úr fasteignatryggingu H hjá V-2.

Reykjavík 15.1.2013

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.